

REGLUGERÐ

um dómsmálagjöld o. fl.

1. gr.

Dómsmálagjöld í einkamálum skal greiða sem hér segir:

A. Fyrir héraðsdómi:

1. Gjald fyrir áritun eða útgáfu stefnu	kr. 400
2. Gjald fyrir þingfestingu	— 3 000
3. Gjald fyrir vitnaleiðslu (fyrir hvern mann)	— 600
4. Gjald fyrir úrskurð undir rekstri máls	— 900
5. Gjald fyrir dómkvaðningu (fyrir hvern mann)	— 900
6. Gjald fyrir staðfestingu dómssgerða	— 800
7. Gjald fyrir kæru til Hæstaréttar	— 3 700
8. Gjald fyrir sjóferðapróf	— 7 500

B. Fyrir Hæstarétti:

1. Gjald fyrir útgáfu stefnu	kr. 500
2. Gjald fyrir þingfestingu	— 5 000
3. Gjald fyrir vitnaleiðslu (fyrir hvern mann)	— 900
4. Gjald fyrir úrskurð undir rekstri máls	— 1 200
5. Gjald fyrir dómkvaðningu (fyrir hvern mann)	— 1 200
6. Gjald fyrir staðfestingu dómssgerða	— 1 000
7. Útivistargjald	— 5 000

2. gr.

Í gagnsökum, framhaldssökum, meðalgöngumálum og sakaukamálum skal greiða gjald samkvæmt 1. gr.

Í barnsfaðernismálum, málum um innheimtu vinnulauna og kjörskrármálum skal engin réttargjöld greiða. Í gjafsóknarmálum skal gjafsóknarhafi engin réttargjöld greiða.

3. gr.

Fyrir fógetagerðir, aðrar en þær, sem um ræðir í 2. gr. aukatekjulaga, skal greiða sem hér segir:

1. Kyrrsetning á manni	kr. 3 700
Séu fjármunir jafnframt kyrrsettir, skal gjalda fyrir það eftir 2. gr. aukatekjulaga.	
2. Útburður manns af jörð eða húsi	— 3 700
3. Innsetning á jörð eða í hús til umráða	— 3 700
4. Aðrar fógetagerðir, er fara fram á það, er eigi verður metið til peningaverðs	— 3 700

Fyrir lausnargerð skal gjalda eftir grein þessari, sé kyrrsetning manns með henni niður felld.

4. gr.

Fyrir að gefa út innköllun til skuldheimtumanna skal greiða 1 200 kr.

5. gr.

Fyrir uppboðsgerðir skal greiða sem hér segir:

1. Fyrir að semja og gefa út auglýsingu um uppboð skal gjalda 1 200 kr.
2. Þegar uppboð er haldið á fasteign eða öðru því, er um getur í 11. gr. aukatekjulaga, en sala fer eigi fram við uppboðið, svo og þegar hamarshögg er veitt upp

væntanlegt samþykki, en það bregst, skal gjalda 3 700 kr. fyrir árangurslaust uppboð.

3. Nú hefur uppboðs verið beiðst hjá uppboðshaldara og séð hefur verið um birtingu á því, en beiðnin er svo kölluð aftur, og skal þá aðeins greiða gjald fyrir birtingu samkvæmt 1. tölulið. En sé beiðnin eigi kölluð aftur fyrr en húið er að setja uppboðsþingið, skal gjalda 3 700 kr. eins og fyrir árangurslaust uppboð.
4. Fyrir að gefa út afsalsbréf fyrir fasteign, er seld hefur verið á uppboði, skal gjalda 2 500 kr.
5. Fyrir undirboðsþing skal greiða 2 500 kr.

6. gr.

Fyrir að þinglýsa skjölum, sem hljóða um efni, sem eigi verður metið til ákveðins verðs, eða skjölum, sem ekki eru afsal eða haft á fasteignum eða lausafé, skal gjalda 600 kr. Sé þess konar skjölum þinglýst við Hæstarétt, skal gjalda 1 200 kr.

Fyrir áritun um heimildabrest, o. fl., samkvæmt 9. gr. laga nr. 30 7. maí 1928, skal greiða 600 kr.

7. gr.

Fyrir notarialgerðir skal greiða sem hér segir:

- | | |
|--|-----------|
| 1. Afsagnargerðir (aðrar en víxilafsagnir), stefnubirtingar, er notarius framkvæmdir, svo og aðrar slíkar gerðir | kr. 1 200 |
| 2. Notarialvottorð á arfleiðsluskrár | — 2 000 |
| 3. Notarialvottorð á samninga, umboðsskjöl eða aðra slíka gerninga | — 1 200 |
| 4. Dráttur í happdrætti | — 5 000 |
| 5. Útdráttur skuldabréfa | — 2 500 |

8. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari renna í ríkissjóð.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 79 23. desember 1975 um aukatekjur ríkissjóðs, öðlast gildi 1. febrúar 1978. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 531 23. desember 1975 um dómsmálagjöld o. fl., sbr. reglugerð nr. 430 27. desember 1976.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. janúar 1978.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 40 19. febrúar 1976 um skráningu ökutækja.

1. gr.

4. málsgr. 21. gr. orðist svo:

Fyrir notkun bráðabirgðaskráningarmerkis ber að greiða í ríkissjóð kr. 18 000 á ári og annast lögreglustjóri innheimtu gjaldsins. Lögreglustjóri getur leyft notkun bráðabirgðaskráningarmerkis í styttri tíma, og greiðir eigandi ökutækis þá fyrir notkun og ábyrgðartryggingu kr. 1 000 fyrir hvern dag eða hluta úr degi, er hann